

**Tilmæli 15/2012**

Fyrri númer:
A 1565/præsídið

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer: 12-00229-19

Norðurlönd án landamæra

Með tilvísun til 45. og 56. greinar Helsingforssamningsins hefur Norðurlandaráð þann 31. október 2012 samþykkt eftirfarandi tilmæli samkvæmt tillögu forsætisnefndar.

Norðurlandaráð beinir tilmælum til ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um að eftirfarandi verði upphaf að lengra ferli:

Um búsetu og borgaraleg réttindi

að norrænir borgarar sem búa í öðru norrænu landi og sem ekki eiga kost á að kjósa í almennum kosningum vegna reglna í ríkisfangslandinu, fái þau réttindi í búsetulandinu;

að tryggja rétt fatlaðra til frjálsrar farar, svo fatlaðir geti að vild sest að á Norðurlöndum, t.d. með farartæki fyrir fatlaða (hjólástól), blindrahund eða með persónulegum aðstoðarmanni;

að samræma reglur um endurhæfingu öryrkja þannig að starfsfólk með skerta starfsgetu missi ekki bótarétt við að nýta rétt sinn til frjálsrar farar;

að semja norrænan sáttmála um löggjöf um staðfesta sambúð sem tryggi að staðfest sambúð og hjónaband sem stofnað er til í einu landi veiti sömu réttarstöðu í öðru norrænu landi;

að komast að samkomulagi um hvaða kröfur skuli gerðar til persónuskilríkja í löndunum og um gagnkvæma viðurkenningu þeirra.

Um atvinnu

að vinna saman að því að setja nauðsynlega staðla sem ESB löggjöf lætur löndunum efir að innleiða. Þetta á einkum við um staðla og kröfur í bygginga- og mannvirkjageira;

að samræma reglur um atvinnuleysistryggingar, þannig að aðilar atvinnuleysistryggingasjóða missi ekki réttindi sín þegar þeir flytja aftur heim eftir áralanga dvöl í útlöndum;

Norðurlandaráð

að auka hreyfanleika farandverkafólks með því að aðildarríkin endurskoði reglur um staðgreiðslu skatta sem geta falið í sér stjórnsýsluhindranir fyrir norræna farandverkamenn;

Tilmæli 15/2012

Fyrri númer:
A 1565/præsídiet

að reglur einstakra landa um veitingu og útgreiðslu opinbers rannsóknarfjármagns verði leiðréttar á þann hátt, að nota megi fjármagnið í sameiginleg verkefni sem ná yfir landamæri milli Norðurlanda;

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer: 12-00229-19

Um nám

að reglur um námsstyrki og námslán séu gerðar þannig úr garði að námsmenn missi ekki rétt til námsstyrkja/-lána við það að nýta rétt sinn til frjálsrar farar innan Norðurlanda/ESB/EES;

að tryggja ungu fólki í námi tækifæri til starfsþjálfunar í öðru norrænu landi.

Um skipulag atvinnunnar

að koma á fót verklagi í ráðuneytum á Norðurlöndum sem tryggir að ný löggjöf í löndunum skapi ekki nýjar stjórnsýsluhindranir;

að þróa fastmótuð samstarfsform milli norrænu landanna þegar ESB-löggjöf er innleidd, til að tryggja samræmda innleiðingu ESB-löggjafar

að skipa sérstakan ábyrgðarmann stjórnsýsluhindrana við forsætisráðuneytin;

að hefja árlega skýrslugerð í norrænu þjóðþingunum um stöðuna í starfi sem lýtur að stjórnsýsluhindrunum;

að umboð Nefndar Norrænu ráðherranefndarinnar um stjórnsýsluhindranir verði framlengt til 1. janúar 2014;

að norrænu ríkisstjórnirnar geri grein fyrir því á Norðurlandaráðsþingi hvaða stjórnsýsluhindrunum sé talið *ógerlegt* að ryðja úr vegi.

Helsingfors, 31. október 2012

Kimmo Sasi

Jan-Erik Enestam

Forseti Norðurlandaráðs

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs